

## Afrekshundur ársins 2013.

Stefsstells Skrúður

Eigandi: Vigdís Elma Cates

Stefsstells Skrúður er 7 ára gamall íslenskur fjárhundur. Skrúður kom inn í líf Elsu Lindar þegar hún var tveggja ára gömul. Nokkrir hundar voru fyrir á heimilinu og náði Elsa Lind strax góðu sambandi við þá alla, en sambandið milli Skrúðs og Elsu Lindar varð samt alveg einstakt.

Elsa Lind er með ódæmigerða einhverfu sem lýsir sér þannig að hún fer inn í sinn eigin heim og tjáði sig lítið þó að það hafi breyst mikið á undanföru. Hún er líka með cerebral palsy (CP) sem þýðir að hún hefur ekki fulla stjórn á hreyfingum.

Skrúður laðast strax að Elsu Lind og því ákvað ég að hann yrði notaður til að þjálfa hana við að læra að tala og seinna í að lesa. Í fimm ára deild og í fyrsta bekk var Elsa Lind með mynd af hundinum í skólann, kennararnir dróu upp mynd af Skrúði og út frá því hefur þeim tekist að fá Elsu Lind til að opna sig og byrja að hvísla. Í öðrum og þriðja bekk átti Elsa erfitt með að staldra lengi við námsbækurnar og þá sérstaklega við lestur. Þá stóð Skrúður sig vel, hann lagðist með henni í rúmið á kvöldin eða í sófann á daginn og hlustaði á hana lesa og smá saman fékk hún áhuga á lestri. Elsa er nú að byrja í fimmta bekk og er orðin fluglæs.

Elsa Lind hefur náð gríðarlegum árangri á stuttum tíma. Í upphafi árs í fyrra lét hún nægja að hvísla stutt að kennurum en í lok skólaárs var hún farin að tala upphátt og hélt kynningu um alla hunda á heimilinu hátt og skýrt fyrir framan bekkinn. Þessi vinna með hundinn gefur henni viðurkenningu og styrkir hennar sjálfsmynd. Elsa Lind er orðin mjög sterk félagslega. Krakkarnir í hverfinu koma og spyrja eftir henni og Elsa fer út í leiki og oftast fer Skrúður með.

Til að byrja með voru samskipti milli Elsu og Skrúðs huglæg. Til að fá hana til að tala upphátt fór hún að vinna með hundinum í hlýðni. Elsa þurfti þá að nota orð til að fá hann til að hlýða sér og leysa ýmis verkefni eins og td. að ganga á hæl, sitja, liggja, standa á göngu, liggja á göngu og hoppa fyrir hindrun. Seinna þegar hún var farin að stjórna honum úr fjarlægð, þurfti hún að tala hærra og það var upphafið að því að hún fór að tala í eðlilegri raddhæð.

Þetta er stanslaus vinna. Hún kemur til með að sýna hundinn framvegis því að þessari vinnu er aldrei lokið. Það þarf alltaf að þjálfa hundinn og hana sjálfa. Hundurinn fer í erfiðari æfingar og hún fylgir honum eftir. Nú er Elsa og Skrúður farin að æfa hundafimi og gengur það ótrúlega vel. Skrúður einfaldlega horfir í augun á henni og bíður eftir skipun.